

Frá stefnu til skólabrags: Innleiðing Réttindaskólaverkefnisins í Vesturbæjarskóla

Guðlaug Elísabet Finnsdóttir



Þessi grein fjallar um það hvernig við í Vesturbæjarskóla í samstarfi við frístundaheimilið Skýjaborgir urðum *Réttindaskóli og -frístund UNICEF* og festum í sessi skólamenningu þar sem réttindi barna eru leiðarljós. Ákvörðun okkar um að gerast Réttindaskóli og -frístund UNICEF, vorið 2018, byggðist á faglegum forsendum um mikilvægi þess að kynna Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir öllu skólasamfélaginu. Markmiðið var að efla lýðræðislega og jákvæða skólamenningu. Rannsóknir sýna að réttindamiðuð nálgun getur dregið úr einelti og stuðlað að auknu umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika. Í innleiðingarferlinu stóðum við frammi fyrir ýmsum áskorunum eins og að gera flókin hugtök skiljanleg fyrir börn og að byggja upp sameiginlegan skilning og samræmda nálgun innan skólasamfélagsins.

Á degi mannréttinda barna, þann 20. nóvember 2019, fengum við í Vesturbæjarskóla og frístundaheimilinu Skýjaborgum okkar fyrstu viðurkenningu sem Réttindaskóli og -frístund UNICEF. Vorið 2022 fórum við í gegnum okkar fyrsta endurmat og í nóvember 2025 tókum við á móti okkar þriðju viðurkenningu sem Réttindaskóli og -frístund UNICEF við hátíðlega athöfn.



Réttindaskóli og -frístund UNICEF

Réttindaskóli og -frístund UNICEF (e. Rights Respecting Schools) er verkefni fyrir skóla- og frístundastarf þar sem Barnasáttmálinn er lagður til grundvallar öllu skólstarfinu. Verkefnið miðar að því að efla réttindamiðaða skólamenningu sem byggist á virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Á Íslandi hófst verkefnið sem þróunarverkefni þriggja skóla og eins frístundaheimilis í samstarfi við UNICEF á Íslandi á árunum 2016-2017. Markmið verkefnisins er að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem styðja börn í að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Í Réttindaskóla og -frístund eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í starfinu auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum starfsfólks, barna og ungmenna (Réttindaskóli og -frístund UNICEF, 2025).

Þar sem Barnasáttmálinn er ekki einungis fræðilegur rammi heldur leiðarljós í daglegu starfi snertir slík nálgun ekki aðeins skipulag eða verkefni heldur sjálfa skólamenninguna. Þau sem koma inn í mismunandi skóla verða þess fljótt áskynja að talsverður munur er á starfsháttum, viðhorfum og venjum. Skólamenning er það sem er einkennandi og dæmigert fyrir viðkomandi skólaflokkum, meðal annars hvernig starfsfólk vinnur saman og nálgast verkefni (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2011).

Ákvörðun um þátttöku


Vorið 2018 fengum við í Vesturbæjarskóla kynningu á Réttindaskólaverkefninu. Mikill áhugi var á verkefninu og tókum við sameiginlega ákvörðun á starfsmannafundi um að verða Réttindaskóli. Skólastjórnendur lögðu ríka áherslu á að ákvörðunin yrði tekin í samráði við starfsfólk enda slík nálgun talin styrkja innleiðingarferlið (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025; Fullan, 2016). Mikilvægt er að stjórnendur sýni nýjum verkefnum sem á að innleiða skilning og áhuga og veiti umsjónarmönnum markvissan stuðning, svigrúm og tíma til að sinna þeim vel. Við í stjórnendateyminu vorum sammála um að það væri styrkur fyrir innleiðingarferlið að fulltrúi okkar leiddi þessa vinnu. Ákveðið var að deildarstjóri hefði umsjón með verkefninu ásamt kennara í skólanum.

Heildarskólanálgun

Í Réttindaskólum og -frístund UNICEF er hugtakið heildarskólanálgun (e. Whole School Approach) notað til að innleiða réttindi barna í skólastarfið. Heildarskólanálgun skiptist í fjögur skref:

1. Börn njóta þeirra réttinda að mennta sig.
2. Börn og fullorðin þekkja og læra um réttindi barna.
3. Börn læra um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra.
4. Börn iðka réttindi fyrir sig sjálf og aðra.

Á þriggja ára fresti förum við hring í heildarskólanálguninni. Til að byggja upp þá grunnþekkingu sem þarf að vera til staðar hjá börnum og fullorðnum fylgjum við í hverjum hring námskrá fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF. Þannig tryggjum við samfellda fræðslu og vitundarvakningu um réttindi barna sem nær til alls skólasamfélagsins.



Í þessari umfjöllun verður sagt frá innleiðingu Réttindaskólaverkefnisins í Vesturbæjarskóla, 2018-2025, og hún greind út frá heildarskólanálguninni. Dregin verða fram þau atriði sem reyndust lykilþættir í innleiðingarferlinu í þeim tilgangi að miðla reynslu sem gæti nýst öðrum skólum sem hafa áhuga á því að verða Réttindaskóli og -frístund UNICEF.

Að innleiða heildarskólanálgun tekur tíma því ekki er einungis verið að tala um hvað er kennt, heldur hvernig er kennt og í hvaða umhverfi (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025).

Stuðningur stjórnvalda

Fyrsta skrefið í heildarskólanálguninni er að tryggja að börn njóti þeirra réttinda að mennta sig eins og stendur í 28. grein Barnasáttmálans (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Hann staðfestir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi

óháð réttindum fullorðinna (Barnasáttmálinn, 1989). Á þeim áratugum sem liðnir eru frá því að Barnasáttmálinn tók gildi hefur hann átt þátt í að umbreyta viðhorfi gagnvart börnum. Þau eru ekki lengur aðeins aðilar sem þarf að annast heldur líka þátttakendur í eigin lífi. Til þess að barn fái notið réttinda sinna er nauðsynlegt að þau fullorðnu horfi á heiminn á heilðrænan hátt út frá hagsmunum barnsins og virði skoðanir þess. Börn þurfa réttindafræðslu svo þau geti staðið vörð um réttindi sín. Þau eru rétthafar en bera ekki ábyrgð á því að koma réttindum í framkvæmd. Það er í höndum okkar fullorðna fólksins. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi árið 2013 (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025).

Í alþjóðlegum stefnumótunarskjölum, eins og frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), er sífellt meiri áhersla lögð á að menntun búi einstaklinga undir hið óþekkta og að þau öðlist hæfni sem gerir þeim kleift að starfa í heimi framtíðar sem hvorki kennarar né nemendur sjá fyrir. Í stefnu OECD er lögð áhersla á heildstæðan þroska einstaklinga og hæfni þeirra til að taka virkan og ábyrgan þátt í samfélaginu og þróun þess. Skólinn hefur það hlutverk að undirbúa nemendur til að hafa áhrif á framtíðina (Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2025).

Viðhorf til barna og réttinda þeirra hefur breyst í áranna rás og endurspeglast það ekki síst í grunnskólalögum. Í þróun laga um skólagöngu barna á tímabilinu frá 1907 til 2008 má sjá aukna virðingu og umhyggju fyrir margbreytileika barna (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2022). Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) stendur að öll börn eiga rétt á menntun og ber að tryggja þeim jöfn tækifæri til farsællar menntunar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Í hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar (2008) er það markmið að veita öllum börnum viðeigandi gæðamenntun og stuðla að félagslegri blöndun og undirbúningi fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi (Arthur Morthens og Gretar L. Marinósson, 2002; Booth og Ainscow, 2002; Dóra S. Bjarnason, 2012). Áherslur um réttindi barna finnast einnig í Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem byggist á grunnstefjum Barnasáttmálans (Menntastefna Reykjavíkur, 2018). Að lokum hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tekið gildi á Íslandi. Í lögnum er skýrt kveðið á um að við framkvæmd þeirra skuli réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Með þeim hætti endurspeglar farsældarlögin grundvallarsýn Barnasáttmálans, þar sem áhersla er lögð á rétt barna til verndar og viðeigandi stuðnings (Farsældarlögin, 2021).

Réttindaskólaverkefnið fellur vel að stefnu stjórnvalda um jafnrétti, mannréttindi og lýðræði sem undirstrikar grundvallarsjónarmið 28. greinar Barnasáttmálans að menntun sé réttur allra barna. Með því að innleiða réttindi barna í skólastarfið er unnið að markmiðum um menntun og farsæld barna. Þess vegna er Réttindaskóli og -frístund UNICEF mikilvægt

verkefni sem á brýnt erindi inn í skóla landsins.

Að búa til lýðræðislegan grunn

Annað skref heildarskólanálgunarinnar snýst um að fræða börn og fullorðna um réttindi barna og skapa sameiginlegan skilning á verkefninu (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Fagleg forysta og markviss leiðsögn er ein af meginforsendum árangursríks þróunarstarfs og mikilvægt að þau sem leiða slík þróunarverkefni hafi skilning og þekkingu á breytingarferlinu og skipuleggi það í samstarfi við aðra innan stofnunarinnar (Fullan, 2016). Með fræðslu og samtali byggðum við upp þann lýðræðislega grunn í skólanum sem var mikilvæg undirstaða þess sem framundan var.

Réttindafræðsla

Að mörgu þarf að hyggja til að tryggja varanleika í breytingarferli en það grundvallast fyrst og fremst á því hvort tekist hefur í ferlinu að byggja upp nægilega hæfni starfsfólks (Fullan, 2016). Þátttaka kennara og viðhorf þeirra til verkefnisins eru lykilþættir í innleiðingunni. Kennarar gegna mikilvægu hlutverki í að móta réttindamiðað skólaumhverfi með því að samþætta Barnasáttmálann inn í daglegt skólastarf. Réttindamiðuð nálgun hefur bein áhrif á orðræðu starfsfólks, viðbrögð og starfshætti. Með því að stuðla að samvirkni og efla sameiginlegan skilning aukast líkurnar á því að umbætur verði varanlegar (Fullan, 2016). Barnasáttmálinn er ekki bara fyrir börn því fullorðnir verða að þekkja réttindi barna eins og stendur í 42. grein Barnasáttmálans. Það er grunnforsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um það sem er barninu fyrir bestu og skapa réttindamiðað skólaumhverfi.

Börn eiga rétt á að þekkja réttindi sín svo þau geti betur staðið vörð um þau. Með því að þekkja réttindi sín geta þau látið vita ef eitthvað er ekki eins og það á að vera og þannig líka hjálpað vinum sínum og öðrum börnum. Þegar börn þekkja réttindi sín gera þau sér líka grein fyrir því að réttindi þeirra geta skarast við réttindi annarra. Börn læra að virða réttindi annarra en einnig að þau þurfa ekki að uppfylla neinar skyldur til þess að eiga réttindi sín (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Í Vesturbæjarskóla er löng hefð fyrir vikulegum bekkjarfundum sem skapa vettvang fyrir umræður. Fundirnir fara fram í heimakrók og eru meðal annars nýttir til að efla félagsfærni, styrkja samskipti og byggja upp jákvæðan bekkjaranda. Unnið er markvisst með gildi vikunnar yfir skólaárið þar sem réttindi barna liggja til grundvallar umræðunni. Kjarninn í réttindafræðslunni er að réttindi mín enda þar sem réttindi þín byrja og á milli okkar er virðing (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025).

Til að búa til lýðræðislegan grunn er mikilvægt að fullorðnir hlusti á það sem börn hafa til málanna að leggja. Vanvirðing við sjónarmið og raddir barna dregur úr hvatningu þeirra til að læra til lýðræðis (Murray, 2019).

Réttindaráð

Í janúar 2019 mynduðum við okkar fyrsta Réttindaráð. Réttindaráð er grunnforsenda fyrir því að vera Réttindaskóli og -frístund UNICEF. Þátttaka barna í Réttindaráði færir börnum aukinn skilning á lýðræðislegu ferli, ábyrgð og gagnsæi og því hvernig ákvarðanatataka fer fram (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Markmið var að gefa börnum tækifæri á að segja sína skoðun og hafa þannig áhrif á skólastarfið. Einnig var það markmið hjá okkur fullorðna fólkinu að læra að hlusta og spyrja börn út í mál er þau varða. Í okkar Réttindaráði fá börn í 2. - 7. bekk tækifæri á að bjóða sig fram sem fulltrúa bekkjarins. Við höfum verið í góðu samstarfi við frístundaheimilin Skýjaborgir og Frostheima sem einnig eru Réttindaskóli og -frístund UNICEF en verkefnið gerir kröfu um slíkt samstarf. Fulltrúar frá þeim hafa tekið þátt í Réttindaráðinu frá upphafi og hefur það samstarf reynst okkur dýrmætt. Einnig hafa fulltrúar frá foreldrum verið í Réttindaráði frá upphafi.

Réttindaráð fer í hlutverk eftirlitsaðila á hverju skólaári og skoðar meðal annars hvort Barnasáttmálinn, skólasáttmálinn, samskiptakortið og bekkjarsáttmálar séu sýnilegir í skólastofum. Réttindaráð hefur fengið ýmis verkefni í gegnum árin eins og að rýna í gæsluplanið fyrir frímínútur, endurskoða sjálfsmat nemenda fyrir samráðsfundi, undirbúa vinnu nýrra skólareglna og taka á móti gestum sem heimsækja skólann. Eitt mikilvægasta verkefni Réttindaráðs er að fara yfir hugmyndir frá börnunum í skólanum sem berast í hugmyndakassann og með því haft áhrif á viðburði og hefðir sem skapast hafa í skólanum.

Við umsjónarmennirnir höfum unnið að því að koma á tengingu milli Réttindaráðs Laugarnesskóla og Vesturbæjarskóla með heimsóknum milli skólanna. Það er mikilvægt fyrir börn að fá að hitta og ræða við önnur börn um sameiginleg verkefni og læra hvert af öðru. Á hverjum föstudegi erum við með samsöng í skólanum þar sem starfsfólk, börn og foreldrar koma saman og syngja. Við höfum nýtt þann vettvang fyrir Réttindaráð til að koma fram og með því lagt áherslu á að starf ráðsins sé sýnilegt. Réttindaráðsfundir voru fyrst haldnir tvisvar sinnum í mánuði en undanfarin ár höfum við hist vikulega á föstudagsmorgnum að loknum samsöng að ósk barnanna.



Frá fyrsta fundi Réttindaráðs höfum við skráð fundargerðir og birt á heimasíðu skólans. Fundargerðirnar eru skemmtileg heimild um innleiðinguna og mikilvægar fyrir okkur til að líta yfir farinn veg. Reynslan af starfi Réttindaráðs bendir til þess að virk og markviss þátttaka barna hafi verið lykilþáttur í innleiðingu verkefnisins. Ráðið hefur ekki eingöngu skapað vettvang fyrir að raddir nemenda heyrst heldur hefur það haft mótandi áhrif á framkvæmd og sýnileika réttindamiðaðrar nálgunar í skólastarfinu.

Stöðumat og aðgerðaráætlun

Í fyrsta stöðumatinu, 2019, voru lagðar fyrir viðhorfs-, aðgengis- og öryggiskannanir fyrir börn og starfsfólk. Viðhorfskönnun mælir þekkingu á réttindum barna, aðgengiskönnun mælir aðgengi barna í skóla og frístund og öryggiskönnun mælir öryggi barna í skóla og frístund. Réttindaráð vann í framhaldinu að gerð aðgerðaráætlunar um innleiðinguna sem byggðist á kortlagningu, sýnileika, fræðslu, lýðræði og samstarfi með það að markmiði að Barnasáttmálinn yrði hluti af daglegu starfi. Áætlunin var sett fram á myndrænan hátt til að auðvelda börnum í Réttindaráði að átta sig á verkefninu og skapa þeim forsendur til þátttöku í umræðum.



AÐGERÐARÁÆTLUN UM INNLEIÐINGU RÉTTINDASKÓLAVERKEFNISINS



Leiðsögn og stuðningur

Við höfum átt gott samstarf við verkefnastjóra Réttindaskólaverkefnisins hjá UNICEF og notið góðrar leiðsagnar frá upphafi. Við heimsóttum Laugarnesskóla sem var einn af fyrstu Réttindaskólunum á Íslandi og fengum innsýn inn í þeirra Réttindaskólamenningu og hagnýt ráð um innleiðinguna. Það var upplifun okkar frá byrjun að við værum hluti af stuðningsríku neti skóla sem deila sömu sýn og leggja sig fram við að byggja upp réttindamiðað skólasamfélag. Jafnframt höfum við orðið vör við að reynsla okkar og vinna hefur haft áhrif á þróun verkefnisins. Leitað hefur verið til okkar varðandi verkefni og þær leiðir sem við höfum farið og erum við ávallt reiðubúin til að **deila verkefnum og reynslu okkar** með öðrum. Sú gagnvirka samvinna hefur styrkt tengsl okkar við verkefnið og undirstrikað mikilvægi samstarfs og þekkingarmiðlunar innan réttindaskólasamfélagsins.

Frá orði til athafna

Þriðja skref heildarskólanálgunarinnar er að börn læra um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra. Þetta lýsir því hvernig þekking og virðing fyrir réttindum barna endurspeglast í samskiptum þeirra og starfsfólks. Markmið er að börn upplifi að ákvarðanir séu teknar út frá því sem er þeim fyrir bestu. Eftir okkar annað endurmat, vorið 2022, fór Réttindaráð yfir niðurstöðurnar og skoðaði hvað við værum að gera vel og hvað við gætum gert betur. Út frá þeim niðurstöðum bjó Réttindaráð til aðgerðaráætlun næstu þriggja ára, 2022-2025. Út frá aðgerðaráætluninni voru lagðar línur að ákveðinni réttindafræðslu sem

fer fram árlega eins og til dæmis kynning á Barnasáttmálanum, Farsældarhjólinu okkar og að læra um réttindi og forréttindi.

Hugmyndakassinn

Eitt af áhrifaríkustu verkefnum Réttindaráðs er hugmyndakassinn sem ráðið útbjó fyrir börnin í skólanum. Ákveðið var að hafa hann á Skólatorgi sem er bókasafnið okkar. Skólasafnskennarinn bjó til sérstaka Réttindaskólahillu fyrir hugmyndassann þar sem hægt er að nálgast bókmenntir fyrir börn um lýðræði og mannréttindi. Réttindaráð fer reglulega yfir hugmyndir sem í kassann hafa borist. Í þessari vinnu eru börnin í Réttindaráði mjög meðvituð um réttindi og forréttindi. Hugmyndirnar eru flokkaðar og þeim komið til þeirra er málið varðar. Sem dæmi fara hugmyndir sem tengjast hádegismatnum til matræðsins og hugmyndir að nýjum bókum og bókaklúbbum fær bókasafnskennarinn. Foreldrafélagið hefur fengið afhent umslag með hugmyndum sem snúa að félagslífi nemenda og skólastjórnendur hugmyndir sem snúa að skólahúsnæðinu eða skipulagi skólastarfsins.



Dæmi um hugmyndir sem komið hefur verið í framkvæmd er að fá salt og pipar í matsalinn, dans í samsöng einu sinni í mánuði, leiklistarkennsla, lengri frímínútur og matartími, upplýsingatafla fyrir börn, meiri skák og rísa stóri feluleikurinn sem er orðinn að hefð síðasta föstudag fyrir páskafrí.

Fyrir nokkrum árum komu fram óskir frá börnum skólans um að fá skólapeysur. Réttindaráð beitti sér fyrir því að hugmyndin yrði framkvæmd og að börn skólans fengju að koma með tillögur að því hvernig peysurnar ættu að líta út. Fulltrúar skólans og foreldrafélagsins fóru yfir tillögurnar og ákveðið var að hafa á peysunum nafn, gildi og merki skólans. Einnig vildu börnin hafa merki Réttindaskóla og -frístund UNICEF og var það ákveðið í samráði við verkefnastjóra frá UNICEF.



Með reglulegum fundum Réttindaráðs, þar sem hugmyndir eru teknar til umræðu og þeim markvisst komið til viðeigandi aðila, hefur hugmyndakassinn reynst árangursríkt verkfæri til að tryggja að raddir barna fái raunverulegt vægi.

Barnaréttindavika og barnaþing

Hefð hefur skapast að halda barnaréttindaviku og barnaþing í kringum dag mannréttinda barna. Í barnaréttindavikunni höfum við undanfarin ár unnið með verkefni sem kallast **Snjallræði** þar sem börnin glíma við áskorun sem reynir á raunveruleg samfélagsvandamál. Í þeirri vinnu er unnið með réttindi barna meðal annars með því að efla þátttöku þeirra, rödd

og tengsl við samfélagið. Snjallræði kemur frá Málfríði Bjarnadóttur í Helgafellsskóla og hlaut íslensku menntaverðlaunin árið 2024.

Barnaþingsdaginn hefjum við á samsöng sem börn stýra. Réttindaráð heldur hvetjandi ræðu um mikilvægi þess að öll þekki réttindi barna, að hlustað sé á þau og þau gerð að þátttakendum um mál er þau varða. Við fáum dans og söngatriði frá börnum og við syngjum barnaréttindalagið okkar „**Betri veröld**“ en það voru börn í skólanum sem bjuggu til textann við lagið Snjókorn falla. Á barnaþinginu skiptum við börnum skólans niður í hópa þvert á árganga. Börnin í 7. bekk eru fundastjórar og leiða umræðurnar. Börn fá tækifæri á að koma með hugmyndir að umræðuefni barnaþingsins og hefur Réttindaráð lokaorðið um það. Börnin hafa rætt um samskipti, frímínútur, hádegismatinn, námsumhverfið og börn og stríð svo eitthvað sé nefnt. Á þinginu eru kennarar í hlutverki fundarritara, sjá um tímastjórnun og aðstoða börnin með umræðuna eftir þörfum.



Í ár, 2025, fengum við okkar þriðju viðurkenningu sem Réttindaskóli og -frístund UNICEF. Öll vorum við saman komin á sérstökum hátíðarsamsöng á barnaþingsdaginn ásamt fjölda foreldra. Að þessu sinni afhenti Ungmennaráð UNICEF okkur viðurkenninguna sem börnin í Réttindaráði tóku stolt á móti.

Í lok barnaþings hefur Réttindaráð fengið það hlutverk að lesa yfir fundargerðirnar, greina umræðuna, draga saman mikilvægar niðurstöður og leggja til breytingar. Þetta hefur hingað til verið tímafrekt verkefni, unnið með yfirstrikunarpennum og Post-it miðum. Í ár settum við

allar fundargerðirnar í gervigreind sem les eingöngu þau gögn sem hún fær aðgang að. Á Réttindaráðsfundi að loknu barnþingi gátu börnin beðið gervigreindina um að draga saman það sem mest var talað um á þinginu eins og þau orðuðu það. Á einum fundi gátum við farið yfir helstu niðurstöður þingsins og í framhaldi látið gervigreindina búa til

kynningarmyndband um þær. Þannig gátu kennarar kynnt fyrir börnum skólans niðurstöður barnþingsins aðeins nokkrum dögum eftir að það var haldið. Réttindaráð hélt svo áfram að greina gögnin og skoða hvað hægt væri að gera til að bæta skólameninguna. Þetta sýnir hvernig Réttindaskólaverkefnið virkjar börn til þátttöku og hvernig þátttaka barna er raunverulegt verkfæri til að móta skólameninguna. Á samsöng í barnaréttindavikunni báðum við foreldra um að skrifa hrós eða falleg orð til að lýsa upp skólann okkar. Á einum miða stóð: Vel gert nemendur og kennarar að halda réttindum barna á lofti og leitast stöðugt við að bæta skólann og gera hann (enn) betri fyrir börn.



Verklagsreglur og áætlanir

Skólastjórnendur hafa síðastliðin ár endurskoðað verklagsreglur og áætlanir með barnmiðaðri nálgun sem tekur mið af réttindum barnsins og að hagsmunir þess séu hafðir að leiðarljósi. Stuðst er við regnhlífaréttindi sem ná utan um grundvallartilgang og markmið Barnasáttmálans (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Það er mikilvægt að þessar verklagsreglur og áætlanir séu virkar og að öll, bæði börn og fullorðin, þekki þær og þá verkferla sem þeim fylgja. Við fengum þá hugmynd að draga saman verklagsreglur- og áætlanir sem snúa að námi og líðan barna í það sem við köllum

Farsældarhjólíð til að auðvelda aðgengi og skilning barna á þeim. Með þessari nálgun höfum við fest Barnasáttmálann enn betur í sessi sem virkan þátt í daglegri ákvarðanatöku þar sem hagsmunir barnsins eru ávallt hafðir að leiðarljósi.



Skólasáttmálinn

Skólaárið 2023-2024 fékk Réttindaráð það verkefni að endurskoða skólareglurnar. Dæmi er um skóla þar sem Barnasáttmálinn er notaður til grundvallar skólareglunum og fannst okkur það áhugaverð leið til að koma honum enn betur inn í skólamenninguna. Skólareglurnar voru unnar út frá ákveðnum greinum Barnasáttmálans sem Réttindaráð kom sér saman um. Öll börn skólans fengu tækifæri á að taka þátt í mótun skólareglanna á bekkjarfundum. Haldið var Skólaþing með úrtaki barna, starfsfólki frá skólanum og frístundinni og fulltrúum foreldra til að leggja lokahönd á þessa vinnu. Í dag tölum við um **Skólasáttmálann**. Með því

að endurskoða skólareglurnar út frá Barnasáttmálanum tryggðum við að þær væru grundvallaðar á réttindum barna. Þessi vinna reyndist afar þýðingarmikil til að festa réttindamiðaða hugsun í sessi.

Réttindamiðuð skólamenning

Lokaskrefið í heildarskólaáætluninni er að börn iðki réttindi fyrir sig sjálf og aðra. Börn sem alast upp í réttindamiðuðu umhverfi læra að viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum. Þannig styður Réttindaskólaverkefnið við inngildingu (e. Inclusion) sem snýr að því að virkja börn til þátttöku og gera þeim kleift að taka þátt í ákvarðanatöku (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Mikilvæg verkefni eins og virkt Réttindaráð, Barnaþingið og Hugmyndakassinn hafa skapað leið fyrir börnin til að hafa áhrif á skólastarfið og upplifa að það sé hlustað á þau. Barnasáttmálinn er settur í samhengi við daglegt líf, sem hjálpar nemendum að skilja grundvallarmuninn á réttindum og forréttindum. Endurtekin umræðuefni eins og friður í skólanum og aga- og samskiptamál sýna að börn eru virkir þátttakendur í að móta jákvætt skólaumhverfi þar sem réttindi allra eru virt. Réttindaráðið er hjarta verkefnisins þar sem börn ræða það sem betur má fara og leiða okkur áfram í þá átt að verða betri skóli fyrir öll börn. Regluleg og markviss barnaréttindafræðsla fyrir starfsfólk og börn er gríðarlega mikilvægur hluti af því að viðhalda þekkingu og til þess að halda utan um þær hefðir sem hafa myndast auk þess sem nýjar hugmyndir fái vængi.

Vísbendingar um áhrif

Rannsóknir á Réttindaskólum í Bretlandi hafa sýnt fram á jákvæð áhrif verkefnisins á skólastarf. Umræður um gildi Barnasáttmálans leiddu til þess að börn sýndu meira umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika, sem hafði þau áhrif að einelti og ofbeldi í skólunum minnkaði (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Við í lausnateymi skólans teljum að réttindavitund barna skipti verulegu máli í forvörnum og viðbrögðum við samskiptavanda. Reynslan bendir til þess að börn sem eru meðvituð um eigin réttindi og annarra séu líklegri til að láta vita ef á þeim er brotið. Jafnframt höfum við í lausnateyminu upplifað að börn sýni lausnamiðaða nálgun í samskiptum, hlusti vel á leiðbeiningar, séu meðvitaðri um eigin hegðun og geti betur nýtt mistök sem tækifæri til að læra þegar þau þekkja réttindi sín.

Reglulega eru lagðar fyrir kannanir sem gefa okkur vísbendingar um stöðuna hjá okkur eins og niðurstöður kannana úr endurmatinu á Réttindaskólaverkefninu og Skólapulsinum. Niðurstöður úr endurmati (2025) sýna að okkur gengur vel í því að fræða starfsfólk um

grundvallaratriði Barnasáttmálans og að skapa umgjörð þar sem nemendur upplifa almennt öryggi og vitund um réttindi sín. Samkvæmt niðurstöðum Skólapulssins sem lagður var fyrir í 2. - 7. bekk í október 2025 eru börnin almennt ánægð með skólann og í opnum svörum segjast mörg vera ánægð með að skólinn sé Réttindaskóli. Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra (2024) sýna að þeir eru líka ánægðir með skólann. Foreldrar telja að barninu sínu líði vel í skólanum, tekið sé fljótt og vel á stríðni og einelti, börnum er sýnd sanngirni, eru örugg og fá góðan stuðning frá kennurum og öðru starfsfólki.

Niðurstöður úr áður nefndum rannsóknum á Réttindaskólum í Bretlandi sýndu einnig fram á aukna starfsánægju í Réttindaskólum (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna í okkar skóla (2025) sýna að fólk telur ímynd vinnustaðarins vera jákvæða og fólk stolt af því að vinna í Vesturbæjarskóla. Það eru margir þættir sem hafa áhrif á þessar niðurstöður eins og kennsluhættir, skólasamfélagið, starfsandi, stjórnun og teymiskennsla. Með hliðsjón af rannsóknum á Réttindaskólaverkefninu má ætla að þátttaka í Réttindaskólaverkefninu hafi haft jákvæð áhrif á þessa þætti þar sem sameiginleg gildi á vinnustað hafa áhrif á vellíðan í starfi (Skaalvik og Skaalvik, 2023). Ekki hefur enn farið fram rannsókn á áhrifum þátttöku í þessu verkefni á skólamenningu Vesturbæjarskóla umfram þær kannanir sem sagt er frá hér að ofan.

Þátttaka barna

Laura Lundy (2007) bjó til líkan til að staðsetja þátttöku barna og tryggja að hún sé réttindamiðuð og merkingarbær. Líkanið hjálpar til við að gera hugmyndafræði 12. greinar Barnasáttmálans að veruleika. Lögð er áhersla á fjóra aðskilda þætti sem þó eru tengdir innbyrðis (Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund UNICEF, 2025). Hér að neðan er merkingarbær þátttaka barna í Vesturbæjarskóla sett í samhengi við líkanið með hliðsjón af því sem áður hefur komið fram.



Rými: Leitað er eftir skoðunum barna

Skapaður hefur verið vettvangur þar sem leitað er eftir skoðunum barna og þau fá tækifæri á að hafa áhrif á skólastarfið. Réttindaráð veitir börnum öruggt rými til að tjá sig og hugmyndakassinn er áhrifaríkt verkfæri þar sem börn geta komið með hugmyndir. Á vikulegum bekkjarfundum og á barnaþinginu fá börn tækifæri til að ræða saman á jafningjagrundvelli.

Rödd: Upplýsingar eru aðgengilegar og skiljanlegar

Þátttaka barna er gerð merkingarbær með því að tryggja að börnin hafi þekkingu og skilning til að taka þátt í umræðunni og ákvarðanatöku. Flókin mál eru einfölduð eins og gert var með því að hafa aðgerðaráætlanir myndrænar svo börn í Réttindaráði gætu tekið þátt í samtalinu. Farsældarhjólíð er einnig gott dæmi um hvernig hægt er að auðvelda aðgengi barna að upplýsingum.

Áhrif: Sýnileiki og framkvæmd hugmynda

Lögð er áhersla á að börn upplifi að hlustað sé á þau og að þau hafi raunveruleg áhrif á skólustarfið. Þar er sýnileiki Réttindaráðsins mikilvægur sem og framkvæmd hugmynda sem berast í hugmyndakassann.

Áheyrn: Börnin fá að ræða við rétta aðila

Réttindaráð tryggir að skoðunum barna og hugmyndum sé komið til þeirra sem hafa vald til að bregðast við þeim. Hér skipta umsjónarmenn verkefnisins miklu máli og bera ábyrgð á því að börnin fái að ræða við rétta aðila varðandi ákveðin mál.

Með áherslu á virka þátttöku, gagnrýna hugsun og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum fá nemendur tækifæri til að íhuga siðferðileg álitamál, þroska samfélagslega ábyrgð og styrkja skilning sinn á mannréttindum í lýðræðislegu námsumhverfi (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2018; Ólafur Páll Jónsson, 2011).

Lokaorð

Árangursrík innleiðing nýrra verkefna tekur tíma og byggist á samstöðu starfsfólks, stuðningi stjórnenda, skýru verklagi og markvissri eftirfylgni. Lykilatriði er að ákvörðun um þátttöku í verkefninu sé tekin í sameiningu innan starfsmannahópsins. Mikilvægt er að undirbúa jarðveginn vel með fræðslu til að skapa sameiginlega sýn og þá skiptir þátttaka allra starfsmanna skólans miklu máli. Stuðningur stjórnenda skiptir verulegu máli og hefur reynsla okkar sýnt að áhrifaríkt er að fulltrúi stjórnenda leiði verkefnið. Vikulegir Réttindaráðsfundir og markviss skráning fundargerða hafa skapað góða yfirsýn, samfellu og festu í vinnunni. Aðgengi barna að upplýsingum er einnig lykilþáttur í réttindamiðuðu skólustarfi og er Farsældarhjólíð okkar dæmi um leið sem hefur reynst vel í því samhengi. Unnið hefur verið markvissst að uppbyggingu réttindamiðaðs skólasamfélags, með áherslu á virðingu, vellíðan og velgengni sem grunn að námi og þroska barna. Börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif hér og nú. Verkefnið hefur skapað sameiginlega sýn þar sem réttindi barna eru leiðarljós í skólamenningu, samskiptum og daglegum ákvörðunum og er mikilvægt sameiningartákn fyrir skólann. Að lokum hvetjum við skóla og frístundaheimili til að gerast Réttindaskólar og -frístund UNICEF og taka þátt í uppbyggingu réttindamiðaðrar skólamenningar með okkur.

Heimildir

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2011). *Skólamenning og námsárangur. Tímarit um menntarannsóknir*, 8, bls. 19-37.

<https://skemman.is/bitstream/1946/15862/1/Sk%C3%B3lamenning-og-n%C3%A1ms%C3%A1rangur.pdf>

Arthur Morthens og Gretar L. Marinósson. (2002). *Árangursríkt skólastarf og skóli fyrir alla: Opinber stefna um skilvirkan skóla án aðgreiningar. Grunnskólinn og kennarastarfið*.

<https://opinvisindi.is/server/api/core/bitstreams/f813f8c1-2c70-4a16-b43d-9d69abddf4f3/content>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (1989). <https://www.barnasattmali.is/is>

Guðmundur Heiðar Frímansson. (2018). *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*.

Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan. Anna Kristín Sigurðardóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2025). *Gæði kennslu. Námstækifæri fyrir alla nemendur*. Háskólaútgáfan.

Fullan, M. (2016). *The new meaning of educational change* (5. útgáfa). Teacher College Press.

Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2025). Nám og kennsla á tuttugustu og fyrstu öld. Í Anna Kristín Sigurðardóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigþórsson (ritstjórar). *Gæði kennslu. Námstækifæri fyrir alla nemendur* (bls. 13-30). Háskólaútgáfan.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr 86/2021.

<https://www.farsaeldbarna.is/>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011*. <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli>

Murray, J. (2019). Hearing young children's voices. *International Journal of Early Years Education*, 27(1), 1-5. <https://doi.org/10.1080/09669760.2018.1563352>

Ólafur Páll Jónsson. (2011). Lýðræði, réttlæti og menntun. Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar. Í Anna Kristín Sigurðardóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigþórsson (ritstjórar) *Gæði kennslu. Námstækifæri fyrir alla nemendur* (bls. 74-94). Háskólaútgáfan.

Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2022). *Áherslur á mannréttindi í skólastarfi: Innsýn í aðferðir Réttindaskólans*. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérriit*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.73>

Réttindaskóli- og frístund UNICEF. (2025). *Handbók Réttindaskóla- og frístundar UNICEF*. https://uniceficeland.cdn.prismic.io/uniceficeland/aQy3dbpReVYa4Iiw_Rettindaskoli-handbok-2025-6-nov-web.pdf

Skaalvik, E. M. og Skaalvik, S. (2023). Collective teacher culture and school goal structure: Associations with teacher self-efficacy and engagement. *Social Psychology of Education*, 26(4), 945–969.

Skóla- og frístundasvið. (2018). *Menntastefna Reykjavíkurborgar - Látum draumana rætast*. <https://menntastefna.is/>

Þakkarorð

Höfundur þakkar samstarfskonu sinni, Ernu Guðríði Kjartansdóttur, grunnskólakennara og nemendaráðgjafa í Vesturbæjarskóla, aðstoð við að skrifa greinina, en saman stýra þær Réttindaskólaverkefninu.

Um höfund

Guðlaug Elísabet Finnsdóttir er grunnskólakennari og deildarstjóri fagstarfs í Vesturbæjarskóla. Guðlaug hefur mikinn áhuga á skólaþróun og hefur undanfarin ár leitt samstarf um þróunarverkefni og breytingarstarf í Vesturbæjarskóla. Hugmyndin að því að skrifa þessa grein varð til út frá námskeiði sem skólastjórnendur í Reykjavík taka þátt í á þessu skólaári, 2025-2026 og kallast *Menning sem mótar*. Markmið námskeiðsins er m.a. að skapa rými fyrir stjórnendateymi til að ígrunda og ræða skólamenningu.

SKÓLAÞRÆÐIR
TÍMARIT SAMTARA ELDUGAFLÓRS OG SKÓLAÞRÓUX

Grein birt 17. mars 2026

